

Stjórnarfund 26.10.2016

Dagskrá

1. Ferð til Haslach
2. Stefnuþóttun Þekkingarsetursins/Textílfsetursins
 - a. Þátttaka SSNV
 - b. Tímabundin ráðning verkefnastjóra
3. Starfs- og fjárhagsáætlun 2017
 - a. Samstarf við Heimilisiðnaðarsafnið
 - b. Samstarf við Textílfsetrið
 - Rafræn tímarit fyrir listamiðstöð
 - Umsókn v. hagnýttis verkefnis vegna skráningar vefnaðarmynstra
 - Internship
 - Rafrænn vefstóll – staðsetning og eignarhald
 - Nordic-Baltic Scholarship
 - Þrjónagleði
 - c. Ráðning skrifstofustjóri
4. Önnur mál
 - a. Samráðsfundur með ráðuneyti
 - b. Námsver – greiðsla vegna umsjónar
 - c. Ársfundur Þekkingarsetra
 - d. Málþing um menningartengda ferðaþjónustu 2017

Arnar setti fund kl. 10:00 og bauð fundarmenn velkomna. Mætt eru Katharina Schneider, Valgarður Hilmarsson, Arnar Þór Sævarsson og Þóra Sverrisdóttir sem skrifar fundargerð.

1. Ferð til Haslach

Katharina skýrði frá ferð sem hún, Arnar og starfsmenn Textílfsetursins, Jóhanna Pálmadóttir og Erla Gunnarsdóttir, fóru til Haslach í Austurríki en þar er rekið Þekkingarsetur með áherslu á textíl. Tilgangur ferðarinnar var að kynna sér starfsemina þar með tilliti til uppbyggingar á Þekkingarsetrinu á Blönduósi með áherslu á textíl og hefur Katharina útbúið skýrslu um ferðina. Starfsemin er að mestu leyti sjálfbær, tekjurnar koma með vörusölu og námskeiðahaldi. Einnig eru tekjur af sýningarhaldi. Stofnunin byggir á gömlum grunni, en Þekkingarsetrið á Blönduósi var stofnað árið 2012. Í Þekkingarsetrinu í Haslach eru 5-6 starfsmenn í föstu starfi á ársgrundvelli sem sinna mismunandi verkefnum í fimm deildum. Hlut af starfseminni er að bjóða upp á starfsendurhæfingu fyrir atvinnulausa. Katharina telur mjög gagnlegt að horfa til starfseminnar í Haslach varðandi uppbygginguna textíltengdra stofnana hér á Blönduósi.

2. Stefnunótun Þekkingarsetursins/Textílsetursins
 - a. Þátttaka SSNV
Arnar hefur fengið Magnús Baldursson, ráðgjafa hjá SSNV, til að aðstoða við stefnunótun með Þekkingarsetrinu og Textílsetrinu.
 - b. Tímabundin ráðning verkefnastjóra
Katharina hefur ráðið Lee Ann Maginnis sem verkefnastjóra í þrjú mánuði varðandi skipurit og fleira sem tengist stefnunótuninni sem er verið að fara í. Það verður boðað til stefnunótunarfundar að verkefni loknu.
3. Starfs- og fjárhagsáætlun 2017
Verið er að undirbúa starfs-og fjárhagsáætlun vegna ársins 2017. Rætt var um eftirfarandi þætti:
 - a. Samstarf við Heimilisiðnaðarsafnið
Arnar ræddi möguleika á samstarfi við Heimilisiðnaðarsafnið varðandi frekari uppbyggingu textíls á Blönduósi. Ákveðið var að óska eftir fundi með stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins til að ræða framtíðarsýn.
 - b. Samstarf við Textílsetrið
Katharina fór yfir ýmis verkefni sem eru á döfnni í samstarfi við Textílsetrið árið 2017. Verið er að skoða útgáfu rafræns tímarits þar sem m.a. er yfirlit varðandi listamenn og verk þeirra sem kæmi út ársfjórðungslega. Varðandi umsókn vegna hagnýttis verkefnis vegna skráningar vefnaðarmynstra, þá mun Ragnheiður Þórisdóttir verkefnastjóri sjá um að sækja um styrk til Rannís. Rætt var um möguleika á námssamningi við Melody Woodnut. Búið er að kaupa TC2 rafrænan vefstól, hugmynd er að hann verði staðsettur á Árbraut 35 og eignarhald verður hjá Þekkingarsetri. Fyrsti listamaðurinn sem hefur hlotið Nordic-Baltic námsstyrk kemur í byrjun desember og verður í tvo mánuði. Tveir styrkhafar eru svo væntanlegir á næsta ári. Listamenn munu standa fyrir opnum námskeiðum á dvalartímanum. Samstarf við Textílsetrið um Þrjónagleði er fyrirhugað aftur á næsta ári.
 - c. Ráðning skrifstofustjóri
Fyrirliggjandi er að auglýsa þarf stöðu skrifstofustjóra á næsta ári.
4. Önnur mál
 - a. Samráðsfundur með ráðuneytinu hefur ekki átt sér stað, hefur væntanlega tafist vegna væntanlegra kosninga.
 - b. Námsver – greiðsla vegna umsjónar. Reikningur verður sendur Blönduósbæ og Húnavatnshreppi.
 - c. Ársfundur þekkingarsetra verður haldinn á Húsavík 16.11.2016
 - d. Málþing um menningartengda ferðaþjónustu 2017. Umræðu frestað til næsta fundar.

Ágúst Þór Bragason mætti til fundarins og farið var yfir stöðu framkvæmda í Kvennaskólanum og staða á hönnunarhugmyndum sem er búið að vinna fyrir kyndistöðina. Einnig var rætt um úrbætur í brunamálum í Kvennaskólanum og lagfæringar sem fara þarf í á vefnaðarloftinu, gólf og glugga. Farið var um húsið í framhaldi af þessum umræðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Þóra Sverrisdóttir